

19. fundur í Öldungaráði haldinn í Hraunseli

26. apríl 2022 kl. 14:30

Mættir:

Gylfi Ingvarsson, Valgerður Sigurðardóttir, Þórdís B. Kristinsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Magnús Pálsson og Þórarinn Þórhallsson.

Fjarverandi: Guðlaug Steinsdóttir

Ritari:

Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

2. Heimasíða Hafnarfjarðabæjar

Öldungaráð ítrekar að heimasíðan verði endurskoðuð með tilliti til þjónustu við eldri borgara.

3. Aukin þjónusta við eldri borgara.

Öldungaráð lýsir ánægju sinni með viðveru félagsráðgjafa og lögfræðings í Hraunseli annan hvorn þriðjudag og er þjónustan án endurgjalds.

Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi og ráðgjafi í málefnum eldri borgara í Stuðnings- og stoðþjónustu Hafnarfjarðar er annan þriðjudaginn frá kl. 10:30 til 12:00 og Erna Aradóttir, lögfræðingur og sérfræðingur í Stuðnings- og stoðþjónustu Hafnarfjarðar er þriðjudaginn á móti á sama tíma.

4. Fundur með frambjóðendum á vegum FEBH.

Átta framboð eru í Hafnarfirði og munu allir flokkar senda sinn fulltrúa. Fundurinn er fimmtudaginn 28. apríl kl. 13:30 og eru allir velkomnir.

Í tengslum við ráðstefnu eldri borgara í mars og ályktun samþykkt og umræða um áður fram komnar hugmyndir og teikningar um uppbyggingu á Sólvangsreitnum teknar fram.

Miklar umræður sköpuðust um málefni eldri borgara í Hafnarfirði og aðstöðu starfsfólks og þeirra sem þurfa að þiggja þjónustuna.

5. Sveitarstjórnarkosningar

Sveitarstjórnarkosningar verða 14. maí n.k. og fyrirhugaðar breytingar hjá Öldungaráði.

Elísabet Valgeirsdóttir mun ekki gefa kost á sér aftur og Öldungaráð þakkar henni vel unnin störf í þágu ráðsins.

6. Beiðni um umsögn.

- Umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraða, samþykktir.
- Endurnýjun á opnanlegum fögum hjúkrunarrýma Hrafnistu Hraunvangi
- Brunatæknilegar endurbætur á Hrafnistu Hraunvangi

- Endurnýjun baðherbergja Hrafnistu Hraunvangi, 2 áfangi
- Nýtt vatnsúðakerfi í Hrafnistu Hraunvangi
- Endurnýjun á stofnlögnum neysluvatn Hrafnistu Hraunvangi

Öldungaráð samþykkir umsóknirnar.

7. Vettvangsferð.

Farið var í vettvangsferð til að skoða mötuneyti eldri borgara og aðstöðu heimaþjónustu á Sólvangsvegi 1 og Hjallabraut 33. Eftirfarandi er ályktanir Öldunagráðs:

„Á fundi þriðjudaginn 26. apríl 2022 var samþykkt að fara í vettvangsskoðun á Sólvangsveg 1 til að skoða starfsaðstöðu starfsfólks heimaþjónustu

Herdís tók á móti, mér, Magnúsi Páls og Þórdísi.

Aðstaðan er í kjallara Sólvangsvegs 1 þar er starfsstöð fyrir um 30 manns sem sinna heimaþjónustu en 3 starfsmenn sinna störfum sínum þar allan daginn vinnu aðstaðan skiptist í herbergi þar sem 1 starfsmaður hefur aðstöðu í gluggalausum herbergi en 2 flokkstjórar eru í öðru herbergi með lítinn glugga og ekki hægt að horfa út. Rýmið er opið ekki hægt að halda trúnað en þar fara fram persónuleg samtöl.

Þessi aðstaða átti í upphafi að vera til bráðabrigða en síðan eru liðin 7 ár og var þessi aðstaða ekki tekin í gegn eða máluð áður en starfið hófst þar, loftgæði eru léleg, tölvutenging er einnig léleg og fer í gegnum síma starfsmanna. Þessi aðstaða var áður aðstaða íbúa húsanna til föndurs, líkamsræktar og hárgreiðsla.

Það er samdóma álit okkar að þessi vinnuástaða sé með öllu óviðunandi og ljóst er að framtíðaraðstaða sem á að vera í rishæð gamla Sólvangshússins verður ekki tilbúinn fyrr en eftir þrjú til fjögur ár.

Ábending hefur áður komið fram að til sé viðunandi aðstaða fyrir þessa starfsemi í húsnæði sem bærinn ræður yfir en það er að Hjallabraut 33. Það er tillaga okkar að þar til framtíðaraðstaðan verði klár í Sólvangshúsinu verði starfsemin flutt að Hjallabraut 33. Einnig vinnst annað með því en það er að skapa íbúum að Sólvangsvegi 1 og 3 aftur aðstöðu til samveru og föndurs í kjallaranum.

Einnig var skoðaður matsalur og aðstaða fyrir matinn og er ástæða að skoða nánar á hvern hátt verði hægt að laga og gera vistlegra og rúmbetra og einnig hvernig hægt verði að uppfæra greiðsluleiðir og pöntun matar á aðgengilegri hátt en nú er.

Samantekt Gylfi Ingvarsson „

„Á stjórnarfund F.e.b.H 25.og hjá Öldungaráði Hafnarfjarðar 26.04 2022 var m.a. lögð áhersla að bætt verði þjónusta til eldra fólks í Hafnarfirði sem óskar eftir kaupa sér mat í hádeginu Hjallabraut 33.

Í mörg ár hefur eldra fólk í Hafnarfirði átt þess kost að kaupa sér mat í hádeginu í húsnæði bæjarins á Hjallabraut 33.

Segja má að þessi þjónusta sé einn liður í því að gefa fólki tækifæri á að búa sem lengst á heimilum sínum .

Að hittast, borða góðan mat vera í félagsskap og samskiptum við aðra dregur úr félagslegri einangrun.

Nauðsynlegt að þessi þjónustubáttur Hafnarfjarðabæjar við eldra fólk eflist og verði skemmtilegur vettvangur fyrir þá sem vilja borða saman og njóta stundarinnar með góðu fólki og lifa lífinu lifandi.

Undirrituð fór í vettvangsheimsókn í matsalinn og aflaði sér frekari upplýsinga um starfsemina á Hjallabraut 33

Þeir sem notfæra sér matarþjónustuna er að mestu fólk sem býr á Hjallabraut 33. Fólk sem býr úti í bæ nýtir sér þessa þjónustu síður (ca 15) eru ekki margir miðað við fólksfjölda eldra fólks í Hafnarfirði

Eins og staðan er í dag, fylgir starfsemin alls ekki nútíma kröfum .

**Til þess að þjónustan á staðnum nýtist sem flestum þarf að auðvelda eldra fólk sem kemur utan úr bæ aðgengi að matsalnum , eins og staðan er í dag þurfa matargestir að ganga inn um hliðardyr sem er mjög fráhrindandi fyrir þá (hafa ekki aðgang að aðal inngangi hússins)*

**Matsalurinn hefur mjög þreytt yfirbragð hann þarf að uppfæra ,stækka, gera vistlegri og þar með meira aðlaðandi fyrir fólk.*

**Greiðslu fyrirkomulag á mat þarf að nútímavæða t.d að fólk geti notað greiðslukort.*

**Fólk geti pantað mat með tölvupósti eða “dropað inn” án þess að panta fyrirfram.*

**Matseðill vikunnar verði auglýstur m.a. á heimasíðu F.e.b.H*

**Að staðurinn verði auglýstur upp sem “góður kostur í hádeginu” fyrir allt eldra fólk í Hafnarfirði.*

Samantekt.

Þórdís Bakmann Kristinsdóttir“

8. Önnur mál

- Þann 5. Apríl s.l. voru Elísabet með verkefnastjórn á Sólvangi. Fyrirséð er að verkefnastjórnin ljúki sínu verkefni. Búið er að taka aðra hæð í notkun. Þriðja og fjórða hæð eru tilbúnar til notkunar en ekki hefur náðst samningur Sjúkratrygginga Íslands og Sóltúns. Næsta verkefni er að hann lóðina við Sólvang og verður það verkefni boðið út og gert ráð fyrir að hún verði tilbúin í lok sumars. Búið er að teikna fimmtu hæðina og gert er ráð fyrir að starfsemi stuðningsþjónustu verði þar.
- Öldungaráð Hafnarfjarðar ályktar: „Við skorum á ríkisstjórnina að sjá til þess að Sóltún sem er rakstraraðili og Sjúkratryggingar Íslands gangi til samninga til að tefja ekki frekar fyrir því að endurhæging og hvíldarinnlögn taki til starfa á hjúkrunarheimilinu.
- Gylfi lagði fram myndir af tveim bekkjum af tíu sem Kristinn Magnússon, sjúkraþjálfari og eigandi Ásmegin hef gefið í verkefnið „Brúkum bekki“ og munu þeir verða settir í

kringum Ástjörn. Með þessu er hann að gefa til baka launin sem hann hefur fengið fyrir kennslu í sundleikfimi eldri borgara.

Sjá myndir:



- Síðasti fundur Öldungaráðs veður þann 10. maí kl. 14:30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10